



Greinargerð með ítarupplýsingum vegna erindis Garðasóknar til Bæjarráðs Garðabæjar dags. 26.08.2021

Öll getum við verið sammála um fallega ásynd kirkjugarðsins í Garðaholti. Hefur það verið metnaðarmál fyrir Sóknarnefnd Garðasóknar og bæjaryfirvöld að allt viðhald og framkvæmdir séu með þeim hætti að sómi sé að enda nýtur garðurinn mikilla vinsælda. Jafnvel svo mikilla að ásókn er í legstæði í garðinum frá aðilum utan sóknar.

Ásynd kirkjugarðs í Garðaholti er að flestra mati með þeim betri sem sjá má í kirkjugörðum á Íslandi. Kröfur bæjarbúa eru miklar og finna starfsmenn okkar mjög fyrir því ef ásyndin á einhvern hátt laskast. Það er sameiginlegt kappsmál sóknarinnar og bæjarins að halda garðinum vel hirtum og fallegum, bæjarbúum til sóma. Garðasókn er bænum ákaflega þakklát fyrir það liðsinni við umhirðu sem bærinn hefur veitt á umliðnum árum.

1. Stækkun kirkjugarðsins 2018 –2019

Á árinu 2018 var ráðist í stækkun á garðinum. Framkvæmdin hefur reynst Garðasókn mjög íþyngjandi sem m.a. leiddi til neikvæðrar rekstrarniðurstöðu vegna áranna 2018, 2019 og 2020 samtals um 16,5 millj. kr. Rekstur kirkjugarða hefur verið ósjálfbær um langa tíð eða allt frá bankahruni þegar tekjur garðanna voru skertar. Nú er svo komið að Garðakirkjugarður skuldar sókninni rúmar 47 millj. kr. - meira en eina og hálfa ársveltu. Garðasókn hefur nú þegar hagrætt eins og hægt er í rekstrinum í þeirri von að garðurinn geti síðar orðið sjálfbær. Jafnframt er unnið að því að garðurinn verði sjálfstæður lögaðili í framtíðinni.

Heildarkostnaður við stækkunina 2018-2019 var 24.156.676,- kr. Hlutur Garðasóknar skv. kostnaðarskiptingu Verkfræðistofunnar Bjargs ehf. var 16.102.054,- eða 67% en hluti Garðabæjar 8.054.622,- eða 33%. Til grundvallar kostnaðarskiptingunni lágu Viðmiðunarreglur Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kirkjugarðsstæði og fleira frá 2015 ásamt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Í úttekt á kostnaði við gerð og mótun kirkjugarða, sem fram kemur í 10. gr. í skýrslu um fjármál kirkjugarða frá mars 2003, var kostnaður við gerð Gufuneskirkjugarðs notaður til hliðsjónar og þar kom í ljós að kostnaðarhlutfall sveitarfélags við gerð kistugrafreita var 53% en kirkjugarðs 47%.

(Sjá kostnaðarskiptingu Verkfræðistofunnar Bjargs ehf. hér að aftan).

Það er skoðun starfsfólks Garðasóknar að túlkun Bjargs á viðmiðunarreglunum sé óþarflega þröng og nefnir sem dæmi 3. gr. þar sem stendur m.a. „Í kaupstöðum og kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trágroðurs í kirkjugarði, endurgjaldslaust“. Túlkun Bjargs er að bærinn eigi að kosta vatnslögn að löðarmörkum kirkjugarðs en garðurinn lagnir og krana innan garðs.

Eins og áður segir byggir kostnaðarskipting vegna framkvæmda við kirkjugarða á lögum nr. 36/1993. Í lögunum er kveðið á um að Kirkjugarðaráð og Sambands íslenskra sveitarfélaga setji viðmiðunarreglur (hér eftir „reglur“) og voru þær síðast uppfærðar árið 2015 og undirritaðar af formanni sambandsins og biskup Íslands.

Í þeim reglum, að mati Sónarnefndar, liggja tækifæri til rúmrar túlkunar ákvæða. Með vísan í það leggur sóknarnefnd fram eftirfarandi atriði sem beiðni um greiðslu Garðabæjar á þeim kostnaði sem féll til, og greiddur var af Sónarnefnd, vegna fyrri stækkunar.

1. Í 3. gr. reglnanna er kveðið á um að sveitarfélag sjái fyrir nægjanlegu vatni. Í útreikningi kostnaðar vegna stækkunar 2018 féll umræddur kostnaður á Sónarnefnd. Hér er um óverulegan kostnað að ræða eða í kringum 100.000 kr. án þess að það sé sérstaklega framtekið í kostnaðarlegu uppgjöri stækkunar.
2. Í II. kafla reglnanna er tekið á skyldum kirkjugarðsstjórna. Þar segir í síðustu málsgrein 5. gr. að sveitarfélag megi leggja til annan verkhraða eða hagkvæmari lausnir hvað fjárhagsramma vegna framkvæmdar varðar. Einnig er kveðið á um framkvæmd í 8. gr. reglnanna. Á þessum grunni vill óskar Sónarnefnd eftir að Garðabær greiði allan kostnað við umsjón verkfræðistofu vegna fyrri stækkunar eða kr. 721.000 sem sóknin greiddi.
3. Í III. kafla reglnanna er kveðið á um jarðveg og að hann sé grafrarhæfur. Við nákvæma yfirferð á þessu atriði eru það skýrar upplýsingar okkar starfsmanna að sá jarðvegur sem notaður var í síðustu stækkun hafi sigið um ca. einn metra. Starfsmenn gengu í það af miklum dug að leita úrbóta og tók garðurinn á sig kostnaði sem nam a.m.k. 1 m.kr. vegna þessa. Fyrir liggur að moldin og akstur hennar á staðinn fékkst án endurgjalds frá byggingaraðilum húss CCP í Vatnsmýrinni. Lögum samkvæmt á Garðabær að leggja til jarðvegsefni og naut því mikils sparnaðar – sem kirkjugarðurinn fékk ekki að njóta. Moldin reyndist afar blaut sem skýrir hið mikla sig fyrsta árið. Það er því eðlilegt og sanngjörn krafa að Garðabær beri kostnaðinn vegna sigsins.
4. Að auki óskar sóknarnefnd eftir helmingsþátttöku Garðabæjar í kostnaði við malbikun. Um það er einungis kveðið í reglunum, sbr. 15.gr., að vegur frá kirkju og að kirkjugarði eigi að vera sambærilegur við það sem almennt tíðkist í sveitarfélaginu þ.e. malbikaður. Í garðinum sjálfum er hins vegar malbikaður stígur á stoðleiðum en mjórri stígar við legstæði eru lagðir mól. Talsverð bílaumferð er um garðinn þó skilti við sálhlið banni umferð ökutækja. Ástæða þess er helst sú að mikið af öldruðu fólki sem erfitt á um gang á erindi í kirkjugarðinn auk þess sem líkbílar og vinnuvélar starfsmanna þurfa að aka um garðinn. Það er því erfitt að finna rök fyrir því að sleppa malbikun á stoðleiðum garðsins enda er sama fyrirkomulag í flestum ef ekki öllum kirkjugörðum á höfuðborgarsvæðinu.

Samantekinn kostnaðarauki Garðabæjar vegna stækkunarinnar 2018 - 2019 skv. ofangreindu er 4.358.016,- kr. Hlutur bæjarins yrði því 51% af heildarkostnaði í stað 33% – sem við teljum nær því sem Kirkjugarðaráð og Samb. ísl. sveitarfélaga miðuðu að þegar viðmiðunarreglurnar voru samdar.

2. Girðingarmál

Í IV. kafla reglnanna, sbr. 13. gr. er talað um girðingarefni.

Garðinum var gefinn steinhleðsla sem ætla má að sé í kringum 200 metra löng og liggur sjávarmegin í garðinum eða að sunnanverðu. Steinagarðurinn gerir lögbundna girðingu við suðurhlíð garðsins óþarfa. Fordæmi eru fyrir því að sveitarfélög greiði kirkjugörðum andvirði girðingarefnis þegar garðarnir kjósa að girða á annan hátt en með stálgrindargirðingu.

Byggt á kostnaðaráætlun Bjargs ehf. við stækkun árið 2022 er talað um kostnað við stálgrindargirðingu sé í kringum 22.000 kr./m.

Hér má ætla að liggi kostnaður í kringum 4 – 5 m. kr. hið minnsta og óskar Garðasókn eftir því að bærinn greiði upphæðina þegar nákvæmari mælingar liggja fyrir.

3. Áformuð stækkun Garðakirkjugarðs 2022

Samkvæmt tölulegum upplýsingum sem fyrir liggja er útlit fyrir að kistureitir Garðakirkjugarðs munu fyllast í lok næsta árs. Ljóst er að án tafar þarf að hefja framkvæmdir við frekari stækkun til vesturs, (sjá loftmynd til skýringar). Á fundi fulltrúa Garðasóknar og stjórnenda bæjarins í apríl sl. var ákveðið að óska eftir kostnaðaráætlun frá Verkfræðistofunni Bjargi ehf. Sú áætlun liggur nú fyrir (sjá „Minnisblað nr. 1“ hér að aftan) og hljóðar upp á 47,2 millj. kr.

Vegna komandi stækkunar er það einnig beiðni sóknarnefndar að kostnaðarskipting verði framkvæmd á framangreindum grundvelli (sbr. liði 1 – 4 hér að ofan) ásamt því að verkumsjón með framkvæmdinni verði á hendi bæjarins en þannig má m.a. spara kostnað við verkumsjón og eftirlit af hálfu verkfræðistofu og tryggja að fagmenn stjórn verkefninu. Ítrekað er mikilvægi þess að framkvæmd við stækkun hefjist sem fyrst og því mikið hagsmunamál fyrir alla bæjarbúa að umræddur kostnaður fari inn á fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2022.

Með erindi þessu vill Sóknarnefnd vekja athygli bæjarráðs á stöðu mála en einnig óska eftir frekari aðkomu Garðabæjar að kostnaði við framkvæmd stækkunar.

f.h. Sóknarnefndar



Björg Anna Kristinsdóttir

Starfandi formaður Sóknarnefndar Garðasóknar



Stækkun kirkjugarðsins að Görðum 2018-2019

Heildarkostnaður og kostnaðarskipting Verkfræðistofunnar Bjargs ehf.

Dags.	Reikningsnr.	Verktaki	Upphæð	Garðasókn	Garðabær
			kr mvsk	kr mvsk	kr mvsk
7.1.2019	727	Jarðvegur ehf.	1.148.242	447.814	700.428
28.3.2019	735	Jarðvegur ehf.	2.351.756	917.185	1.434.571
18.6.2019	1259	KMA Gröfuleiga ehf.	2.055.200	2.055.200	
10.9.2019	1260	KMA Gröfuleiga ehf.	248.000	248.000	
2.10.2018	910	Verkfræðistofan Bjarg ehf.	207.018	207.018	
5.11.2018	916	Verkfræðistofan Bjarg ehf.	145.824	145.824	
3.12.2018	922	Verkfræðistofan Bjarg ehf.	477.834	186.355	291.479
2.1.2019	927	Verkfræðistofan Bjarg ehf.	308.574	120.344	188.230
1.2.2019	934	Verkfræðistofan Bjarg ehf.	94.519	36.862	57.657
1.4.2019	940	Verkfræðistofan Bjarg ehf.	228.780	89.224	139.556
5.5.2019	951	Verkfræðistofan Bjarg ehf.	72.581	28.307	44.274
23.5.2019	11600	Verkþing ehf.	9.023.096	3.824.668	5.198.428
19.6.2019	11672	Verkþing ehf.	2.721.219	2.721.219	
29.10.2020	2485	Loftorka Reykjavík ehf	5.074.032	5.074.032	
		Samtals	24.156.675	16.102.053	8.054.622
		Hlutfall kostnaðar	100%	67%	33%

Minnisblað nr. 1

15.6.2021.

Málefni: Garðakirkja Álftanesi kirkjugarður.
Áætlun kostnaðar við stækkun til vesturs.
Verkkaupi: Garðasókn
Dreifing: Leópolð Sveinsson, Þórunn B. Björgvinsdóttir

Óskað var eftir kostnaðaráætlun við stækkun kirkjugarðs til vestur að lóðarmörkum, alls um 4.500m². Nú liggur endanleg hönnun svæðisins ekki fyrir og verður kostnaður því metinn útfrá þeim kostnaði sem varð af því að stækka kirkjugarðinn til austurs 2018 um alls 3.500m². Svæðið sem verður tekið í næsta áfanga er því 29% stærra og hækkun byggingarvísitölu frá janúar 2019 142,1 en júní 2021 154,1 eða 8% hækkun og nemur því heildar kostnaðaraukning 40% m.t.t. aukningar svæðis og hækkun vísitölu.

Alls áætlað	Upphæð Mkr	Garðasókn Mkr	Garðabær Mkr
Framkvæmdir sambærilegar við 2018	33,8	22,4	11,4
Aðkeyrsla moldar g.r.f. 1,2m*4.500=5.400m ³			
15km hringur og móttaka moldar 1.800kr/m ³ @ 4.500m ³	8,1		8,1
Girðing stálgrindargirðing 240m@22.000kr/m	5,3	1,7	3,6
Alls	47,2	24,1	23,1

Vert er að hafa í huga að á stækkunarsvæðinu í NV horni eru merktar 2 fornminjar.

